



Mógilsárfréttir að hausti

Hér getur að líta hausttölublað hinna ný-endurreistu Mógilsárfrétta. Eins og við er að búast einkenndist sumarvinna starfsmanna Mógilsár af útivinnu. Úttektir á tilraunum, skoðun á útbreiðslu og skaðsemi skaðvalda auk skógvaxtarmælinga eru meðal þess sem fram hefur farið í sumar. Almennt má segja að sumarið hafi verið hlýtt og hagstætt til vaxtar. Því er ástand trjágróðurs víðast hvar gott. Á einstaka stöðum má þó sjá skemmdir af völdum skordýra og/eða sjúkdóma auk þess sem töluverðir þurrkar einkenndu sumarið framan af og sennilega hafa orðið einhver afföll í nýgróðursetningum af þeirra völdum. Einnig bar nokkuð á skemmdum á lauftrjám á landinu sunnanverðu sem talið er mega rekja til saltstorms í september 2008. Það sem af er haustsins hefur veður einnig verið hagstætt og víða má sjá langa árssprota.

Auk útivinnunnar hefur starfsfólk Mógilsár tekið þátt í og skipulagt ráðstefnur þar sem nýjustu rannsóknir og niðurstöður voru kynntar.

Í þessu tölublaði má sjá örlítið brot af þeirri vinnu sem starfsmenn Mógilsár hafa unnið að í sumar.



Rannsóknastöðin, Mógilsá (Mynd: Brynja Hrafnkelsdóttir)

Vottun á kolefnisbindingu skóglenda

Rannsóknarstöðin á Mógilsá, í samvinnu við stjórn Landsambands skógar eiganda, vinnur nú að verkefni sem felur í sér þróun á kerfi til vottunar á kolefnisbindingu skóglenda. Til þess að tryggja að spáð kolefnisbinding hafi raunverulega átt sér stað þarf að fara fram úttekt eða vottun af hlutlausum aðilum á skóginum. Slíkir vottunaraðilar hafa hingað til ekki fundist hér landi og er ætlunin að bæta úr því með þessu verkefni og byggja upp vottunarkerfi. Ljóst er að slíkt vottunarkerfi þarf að vera trúverðugt og byggt á alþjóðlega viðurkenndum reglum um mat á kolefnisbindingu í skógum. Horft verður til nágrannalanda við uppbyggingu á slíku vottunarferli og notast við hugmyndir og



Asparskógur (Mynd: Brynja Hrafnkelsdóttir)


uppsetningu erlendis frá. Tryggja þarf varanleika skógarins þ.e. að skógur sem gróðursettur er í þeim tilgangi að binda kolefni sé varanlegur og njóti tilhlýðilegrar verndunar. Samræma og staðla þarf þær aðferðir sem notaðar verða við sjálfa úttektina eða vottunina. Eins þarf að aðlaga svona kerfi þeim aðstæðum sem skógræktendur hér á landi búa við. Þá þarf að setja skýrar reglur um það hverjir verða framkvæmdaraðilar sjálfrar vottunarinnar og hver/hverjir munu sjá um skráningar, gagnaúrvinnslu og bókhald. Verkefnisstjórar þessa þróunarverkefnis eru Brynhildur Bjarnadóttir og Arnór Snorrason.



Saga birkis á Hallormsstað - Ný mastersritgerð

Í vor útskrifaðist Sverri A. Jónsson með mastersgráðu í jarðfræði við Háskóla Íslands. Sverrir vann að sýnum rannsóknum undir handleiðslu Ólafs Eggertssonar sérfræðings á Mógilsá. Megintilgangur rannsóknarinnar var að rannsaka gróðurfarssögu Fljótshéraðs síðastliðin 2000 ár með áherslu á sögu skóganna. Rannsóknin var gerð á tveimur mismunandi gagnasöfnum. Í fyrsta lagi voru kannaðar sagnfræðilegar heimildir um gróðurfar og veðráttu á Austurlandi frá landnámi. Í öðru lagi var gerð frjórnarannsókn á sýnum úr setkjarna er tekinn var úr tjörn innan Hallormsstaðarskógar.

Helstu niðurstöður Sverris eru þær að fyrir landnám var svæðið umhverfis tjörnina þakið skógi, en skógurinn hörfaði hratt eftir landnám. Á 15. öld sótti skógurinn fram á ný og var frekar mikill allt fram á miðja 18. öld en þá hnignar honum aftur. Þessi hnignun skóganna hélt áfram til upphafs 20. aldar þar til skógurinn verður friðaður. Áhrif mannsins virðast hafa skipt sköpum hvað varðar ástand skógarins eftir landnám en veðurfar virðist hafa haft minni áhrif. Ekki er vitað með vissu af hverju skógar tóku við sér á 15 öld en leiða má líkum að því að fólksfækkun hafi orðið á svæðinu vegna svartadauða sem kemur hingað til lands árið 1402.



Frjórnarínurit sem sýnir þróun birkis á Hallormsstað síðustu 1500 árin (Texti og mynd: Ólafur Eggertsson).

Vettvangsvinnu við fyrstu landsskógarúttekt lokið

Í haust var lokið við fyrstu mælingar á föstum mæliflötum í svokallaðri landsskógarúttekt. Rannsóknastöðinni á Mógilsá var falið að sjá um þetta stóra verkefni til þess að hægt væri m.a. að afla áreiðanlegra upplýsinga um kolefnisbúskap íslenskra skóga og skógræktarsvæða. Nú þegar hafa upplýsingar úr úttektinni verið nýttar til að reikna út breytingar á kolefnisforða skóga en síðastliðið vor var í fyrsta sinn skilað inn gögnum sem byggja á landsskógarúttektinni.

Lagðir voru út mælifletir með föstu millibili í bæði á skógræktarsvæðum og í náttúrulegum birkiskógum. Að vísu var úrtakið meira á skógræktarsvæðum en í birkiskógum enda vöxtur þar meiri og hefur því víðtækari áhrif á kolefnisbúskapinn.

Alls höfum við farið á 1427 staði en á einungis 866 stöðum hefur verið trjágróður og þar höfum við safnað vettvangsgögnum.



Annór Snorrason og Björn Traustason fagna lokum mælinga í landsskógarúttektinni (Mynd: Edda S. Oddsdóttir).

Í vetur stefnum við að því að vinna úr þessum gögnum og birta í riti fyrstu niðurstöður af heildarúttekt á skógum og skógræktarsvæðum á Ísland. Einnig verða niðurstöður 5 ára úttektar nýttar til að gera grein fyrir breytingum á kolefnisforða eins og áður hefur verið gert en nú með nákvæmari hætti.

Næsta sumar verður síðan hafist handa við að endurmæla þá mælifleti sem voru mældir 2005 og verður þá hægt að meta í raun hve mikið skógar hafa vaxið síðastliðinn 5 ár og hvaða aðrar breytingar hafa átt sér stað á tímabilinu.



Framleiðsla asparblendinga

Vorið 2007 var ákveðið að hefja framleiðslu á tegundablendingum af ösp. Þá var næstum lokið útplöntun afkvæma úr klónavíxlunum á alaskaösp í tilraunir víðs vegar um landið. Forvitnilegt var því að taka næsta skref, sem sé að víxla alaskaösp við aðra aspartegund. Fyrir valinu varð sléttuösp (*Populus deltoides*). Þetta er amerísk tegund eins og alaskaöspin, en hefur miklu stærra útbreiðslusvæði og jafnframt suðlægara. Blendingar þessara tegunda eru mikið notaðir í asparrækt víða um heim. Sléttuöspin hefur aldrei verið reynd hér á landi svo vitað sé, og því var nokkurt vafamál hvernig blendingar af henni og alaskaöspinni mundu standa sig. Á þetta er nú komin nokkur reynsla og hún lofar góðu. Af þeim 376 afkvæmum sem fengust úr víxlununum hafa nú 65 klónar verið valdir til áframhaldandi skoðunar. Hæstu trén á Mógilsá sem plantað var út 2007 eru nú um og yfir 2 metrar með stofnþvermál í 50 sm hæð 12 til 18 mm. Græðlingar sem plantað var út í fyrra hafa náð allt að 1,5 metra hæð og er stofnþvermál í hnéhæð 9-11 mm. Til samanburðar má nefna að alaskaösp sem plantað var á sama stað og tíma hefur náð 1 m hæð og hefur stofnþvermál 4-5 mm. Stór hluti klónanna er algjörlega laus við ryð og margir hafa verið lausir við toppkal. Það er því óhætt að segja að árangur þessara kynbóta hefur farið fram úr vonum.



Asparklónasafnið á Mógilsá (Mynd: Halldór Sverrisson).

Líforka á Hallormsstað



Ráðstefnan *The PELLETime symposium 2009* fór fram á Hallormsstað dagana 18.-20 ágúst s.l. Þar var fjallað um líforku út frá ýmsum sjónarhornum og möguleikana á að nýta náttúruauðlindir á sem ábyrgastan hátt. Fjölbreytt erindi voru flutt á ráðstefnunni og koma fyrirlesararnir úr ýmsum áttum. Frekari upplýsingar um verkefnið sjálft má finna á heimasíðunni: <http://www.pelletime.fi/>

Skógar efla lýðheilsu fólks í þéttbýli

Alþjóðlega ráðstefnan "Skógar efla lýðheilsu fólks í þéttbýli" var haldin á Grand Hotel í Reykjavík dagana 16.-24. september. Ráðstefnan fjallaði um þátt skóga og skógræktar í útivist og lýðheilsu almennings og tókst mjög vel. Fyrirlesarar komu frá ýmsum löndum og sögðu frá hlutverki skóga og skógræktar fyrir þéttbýli, með sérstaka áherslu á löndin við norðanvert Atlantshafið. Alla fyrirlestra og ágrip af þeim má nálgast á heimsíðunni:

<http://www.skogur.is/radstefna-sept-2009>



Starfsfólk Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins Mógilsá

Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá / sviðsstjóri rannsóknasviðs Skógræktar ríkisins frá árinu 1998. Fagsvið: Skógerfðafræði og erfðavistfræði, þ.m.t. rannsóknir á tegundum, kvæmum og klónum trjátegunda. Einnig rannsóknir tengdar nýskógrækt. Fulltrúi Íslands í norrænni og evrópskri samvinnu um skógræktarrannsóknir; í framkvæmdaráði Skógræktar ríkisins, í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur, Skógræktarfélags Íslands og Skjólskóga á Vestfjörðum. adalsteinn@skogur.is

Arnór Snorrason, sérfræðingur / staðgengill forstöðumanns Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá. Fagsvið: Loftslagsmál, bókhald gróðurhúsalofttegunda, skógarúttektir og skógmælingar og tengdar rannsóknir. arnor@skogur.is.

Bjarki Þór Kjartansson, sérfræðingur. Fagsvið : Landupplýsingavinnsla og kortagerð, skógmælingar og hermilíkön. Situr við Háskólann í Lundi og vinnur að doktorsverkefni sínu : Skógræktarskilyrði á Íslandi í breyttu veðurfari. bjarki.kjartansson@nateko.lu.se.

Björn Traustason, sérfræðingur. Fagsvið: Umsjón og þróun landfræðilegra gagnagrunna. Landfræðilegar greiningar og kortagerð. Starfsmaður Íslenskrar skógarúttektar. bjorn@skogur.is

Brynhildur Bjarnadóttir, sérfræðingur. Fagsvið: Loftslagsmál, kolefnisbinding og áhrif veðurfars á kolefnisringrás skóga. Einnig rannsóknir á sviði samspili skóga og vatns (SkógVatn) sem og rannsóknir á áhrifum skógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika. bynhildur@skogur.is.

Brynja Hrafnkelsdóttir, sérfræðingur. Fagsvið: Jarðvegslíffræði. Rannsóknir á svepprót og ertuyglu. brynja@skogur.is

Edda Sigurdís Oddsdóttir, sérfræðingur. Fagsvið: Jarðvegslíffræði, svepprótarrannsóknir og heilbrigði skóga. Einnig vistfræðirannsóknir, einkum áhrif skóga á vistkerfi. edda@skogur.is

Halldór Sverrisson, sérfræðingur. Fagsvið: Plöntusjúkdómar og kynbætur trjáa. Einnig lektor við Lbhl. halldors@lbhi.is

Hrefna Jóhannesdóttir, sérfræðingur. Fagsvið: Plöntuuppeldi, plöntugæði, frostþol og nýgróðursetningar. Einnig verkefnaumsjón fyrir EK-FJLS (landbúnaður og skógrækt) hjá Norrænu Ráðherranefndinni á árinu 2009. hrefna@skogur.is

Ingibjörg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri. Fagsvið: Bókhald og launamál. Einnig umsjón með bókasafni. inga@skogur.is

Kjartan Kjartansson, ráðsmaður. Fagsvið: Viðhald og eftirlit eigna, umhirða utanhúss. Einnig aðstoð við rannsóknaverkefni. kjartan@skogur.is

Ólafur Eggertsson, sérfræðingur. Fagsvið: Fornvistfræði, áhringja- og viðarfræði. olie@skogur.is

Þorbergur Hjalti Jónsson, sérfræðingur. Fagsvið: Skógarhagfræði, vaxtarvistfræði náttúrulegra birkiskóglenda og lífeðlisfræðileg vistfræði trjágróðurs (veðurfar og kalskemmdir). thorbergur@skogur.is

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Mógilsá

116 Reykjavík

Sími: 515-4500

Símbréf: 515-4501

Akureyrarútibú, Gömlu gróðrastöð

600 Akureyri

Sími: 461-5645

Símbréf: 461-5648

Útgefandi: Mógilsá

Ritstjórar: Brynhildur Bjarnad. og Hrefna Jóhannesd.

Hönnun og ritvinnsla: Brynja Hrafnkelsd. Og Edda S. Oddsd.

Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Sigurgeirsson